

SKÓLASKRIFSTOFA  
HAFNARFJARÐARStrandgötu 31  
220 HafnarfjörðurOpin mán.-fös. kl. 8-16.  
Sími: 585 5800.

skolaskr@hafnarfjordur.is

## RITSTJÓRN - SKRIF

Vigfus Hallgrímsson  
þróunarfulltrúi grunnskóla  
vigfus@hafnarfjordur.is

## MARKMIÐ ÚTGÁFU

Að miðla upplýsingum til starfsfólks í grunnskólum Hafnarfjarðar, foreldra og annarra um skólamáli í Firðinum og skólaþróun. Þeir sem vilja koma upplýsingum í blaðið eru beðnir að senda tölvupóst á

vigfus@hafnarfjordur.is.

Þá eru vel þegar ábendingar um það sem betur má fara.

## DREIFING

Blaðinu er dreift með tölvupósti (pdf-snið) til starfsfólks skóla í grunnskólum Hafnarfjarðar, fulltrúa foreldra o.fl. Stefnt er að vikulegri útgáfu (með leyfilegum forföllum) á starfstíma skóla. Útgáfudagar eru föstudagar. Blaðið er 2 síður í A-4 stærð.

GRUNNSKÓLAR  
HAFNARFJARÐAR

Í Hafnarfirði eru starfandi níu grunnskólar. Nemendur eru um 3800 í nálægt 180 bekkjardeildum og kennarar eru hátt í 400 en starfsmenn allir kringum 600. Skólarnir eru:

- Áslandsskóli.  
[www.aslandsskoli.is](http://www.aslandsskoli.is)
- Engidalsskóli.  
[www.engidalsskoli.is](http://www.engidalsskoli.is)
- Hraunvallaskóli.  
[www.hraunvallaskoli.is](http://www.hraunvallaskoli.is)
- Hvaleyrarskóli.  
[www.hvaleyrarskoli.is](http://www.hvaleyrarskoli.is)
- Lækjarskóli.  
[www.laekjarskoli.is](http://www.laekjarskoli.is)
- Setbergsskóli.  
[www.setbergsskoli.is](http://www.setbergsskoli.is)
- Víðistaðaskóli.  
[www.vidistadaskoli.is](http://www.vidistadaskoli.is)
- Öldutúnsskóli.  
[www.öldutunsskoli.is](http://www.öldutunsskoli.is)
- Barnaskóli Hjallastefunnar  
[www.hjalli.is/bsk7610](http://www.hjalli.is/bsk7610)

SKÓLASKRIFSTOFA  
HAFNARFJARÐAR

## Skólavefritið

4. ÁRGANGUR, 10. TBL.

19. OKTÓBER 2007

## Vettvangsferðir í skólastarfi grunnskóla

Á síðustu vikum sprottið upp umræða um vettvangsferðir í skólastarfi grunnskóla. Umræðan er tilkomin vegna nýs ákvæðis í lögum um grunnskóla en við lögin bættist þessi málsgrein árið 2006: *Óheimilt er að taka gjald af nemendum vegna ferðalaga sem flokkast undir vettvangsnám eða eru að öðru leyti hluti af skyldunámi nemenda. Skólaakstur skv. 4. gr. skal vera nemendum að kostnaðarlausu* (1. mlsgr., 33. grein). Það var af frumkvæði fræðslufyrvalda í Hafnarfirði að leitað var skýringa á viðkomandi málsgrein og hvort hún fæli í sér stefnubreytingu frá fyrri lögum. Það svar barst í haust og inntak þess var: *...skal kennsla í skyldunámi í opinberum grunnskóla veitt nemendum þeim að kostnaðarlausu og er óheimilt að*

*krefja nemendur eða forráðamenn þeirra um greiðslur, fyrir kennslu, námsgögn og annað efni er nemendum er skylt að nota í námi og samrýmist ákvæðum grunnskólalaga og aðalnámskrár.* Svar ráðuneytis var að ekkert hafði breyst en í reynd hafa foreldrar tekið þátt í kostnaði við margvísleg ferðalög skóla um langan tíma.

Svör ráðuneytisins eru í skoðun á fræðsluviði og sú afstaða er þar að lögin séu ekki nægilega skýr. Eru til ferðir í skólastarfi sem ekki eru vettvangsferðir og hverjar eru þær þá? Er allur kostnaður í skólabúðarferðum kostnaður sem sveitarfélagið skal greiða? Hvers vegna má innheimta gjöld í einkaskóla, sem gætu nýst í vettvangsferðir, fyrst grunnskólar sveitarfélaga mega ekki innheimta fyrir vettvangsferðir? Ef nemendur í grunnskóla eru í erlendu samstarfi

og vilja skiptast á heimsóknum er það þá ekki hægt nema að bæjaryfirvöld greiði þann ferðakostnað? Eru slíkar ferðir vettvangsferðir? Geta nemendur og skólar ekkert gert að eigin frumkvæði nema að sveitarfélagið borgi fyrir það?

Þannig er málið um vettvangsferðir flókið og það er verið að skoða málið í heild sinni á fræðsluviðinu. Bæjaryfirvöld eru að skoða sinn þátt í skólaferðum, m.a. að greiða vettvangsferðir í samræmi við lög en annað ekki. Það eru ekki allar ferðir vettvangsferðir. Það þarf mun meiri umræðu um skólaferðir, vettvangsferðir sem og aðrar ferðir. Hvar eru mörkin?



## Betri heilsa nemenda og bæjarbúa

Nú hefur verið samþykkt verkefnaáætlun fyrir Hafnarfjörð í verkefninu *Allt hefur áhrif ... einkum við sjálf* sem bærinn vinnur í samstarfi við Lýðheilsustöð. Með verkefnaáætluninni er verið að miða að samræmingu viðhorfa og áherslna í því að efla heilsu, líðan og mataræði bæjarbúa í Hafnarfirði. Áætlunin er 23 síðna skjal (sjá vefslóð hér neðst og vef bæjarins) þar sem reifuð eru helstu markmið verkefnins og hvað einstaka aðilar og svið innan bæjarkefnisins geta lagt til verk-

efnisins. Þá er lögð áhersla á ábyrgð foreldra og allra þeirra sem koma að íþrótt- og tómstundaiðkun barna og unglinga að vinna að því að efla heilsu ungmenna og bjóða upp á starfsemi í samræmi við það.

Það eru einnig lögð fram markmið og hugmyndir að verkefnum til að efla heilsu í skólastarfi, bæði meðal nemenda og starfsfólks. Heilsa og vellíðan nemenda hefur alltaf verið hluti af skólastarfi og ýmislegt er gert til að sinna slíkum áherslum vel. Í nýsamþykktari verkefnaáætlun er áhersla á að auka slíkt og gera

enn betur í ýmsu hér, bæði gagnvart starfsfólki og nemendum, t.d. að auka hreyfingu, bjóða upp á hollt fæði þar sem slíkt er selt í félagsstarfi fyrir börn og unglinga. Það eru þó ekki mikið um beinar tillögur í verkefnaáætlun en lagt til að hver stofnun og félagsskapur leiti leiða til að bæta þætti í eigin starfi sem ýti undir heilbrigði og heilsuefingu. Hér hefur Hvaleyrarskóli verið að þróa ýmsar athyglisverðar hugmyndir og leiðir til að efla slíkt hjá nemendum og starfsfólki.

## Skólaþróun



# Tilkynningar og fréttaskot um það sem er á döfinni

» Námsgagnastofnun var að gefa út nýtt námsefni í stærðfræði og er það nemendabók í stærðfræðiflokknum 8-10+ og nefnist bókin **Stærðfræði 9+** sem tekur á ýmsum undirstöðuþáttum stærðfræðinnar. Kennsluleiðbeiningar eru væntanlegar.



Starfsfólk Skólaskrifstofu fór í árlega haustferð fyrir stuttu og heimsótti Stóru-Vogaskóla og nágrenni skólans.

Frá fagfundi íþróttakennara í Áslandsskóla 1. október. Fundarstjóri er Ragnheiður Ólafsdóttir en auk hennar sjást íþróttakennarar úr ýmsum grunnskólum í Hafnarfirði.



## Fræðiefnið


Þá er fjallað um Internetið, og vefinn sem hluta þess, og þau siðrænu viðfangsefni sem hafa komið með tilkomu þess. Nálgunin er helst varðandi þá þætti er snúa að skólastarfi, s.s. kennslu, heimasíður skóla, vefbókasöfn, ruslpóst, fréttaveitur, persónuvernd o.fl.

Mikil fræðsla og áhugaverð fyrir skólafólk og þá sérstaklega þá sem hafa með tölvumál í skólastarfi að gera.

## Fjöl- og margmiðlun í skólastarfi

**Media Education** er 185 síðna handbók sem gefin er út af UNESCO, menningarstofnun Sameinuðu þjóðanna. Bókinni er skipt í nokkra hluta eða innri handbækur, m.a. sér fyrir kennara, foreldra og nemendur.

En einnig er þetta tillage eða vísir að námskrá um fjöl- og margmiðlun í skólastarfi þar sem velt er upp þætti fjölmiðlunar í skólastarfi og daglegu lífi ungs fólks. Einnig er fjallað um siðferðileg álitamál um fjölmiðla og ungt fólk og ábyrgja blaðamennsku.



**VEFSLÓÐ:** <http://unesdoc.unesco.org/images/0014/001492/149278E.pdf>

## Fræðsla í dagsins önn

Á vef Námsgagnastofnunar er margvíslegt efni að finna. Einn þáttur í vefnum er fræðsluvefur sem nefnist **Í dagsins önn**. Þar er kynnt ýmislegt fróðlegt efni sem tengist viðburðum og málefnum líðandi stundar og er skipt í nokkra hluta eða efnisþætti. Þessir efnisþættir eru m.a. Afrika, jólin, úr ríki náttúrunnar, vefbækur, mánuðurnir, páskar og

**VEFSLÓÐ:** <http://www.nams.is/i-dagsins-onn>



þorrinn. Síðustu vikur hefur komið nýtt efni inn í dagsins önn. Það eru m.a. fræðsla um John Lennon, nokkrar staðreyndir um heiminn, um Sameinuðu þjóðirnar og ósonlagið. Þetta eru stuttir fræðsluþættir og fróðlegir.



## Námskeið í næstu viku

**mánudagur 22. okt.**

- Námskeið 302: **Grunn- námskeið í margmiðlun** kl. 15-17 í Menntasetrinu við Lækinn, tölvustofa 2. hæð. (Síðasti tími.)

**þriðjudagur 23. okt.**

- Námskeið 505: **Spuna-, söng- og hreyfileikir** kl. 15-16.30 í Öldutúnsskóla. (Síðasti tími.)

- Námskeið 404: **Framsögn og munnleg tjáning** kl. 15-16.30 á Skólaskrifstofunni, 2. hæð. (Seinni tími.)

**fimmtudagur 25. okt.:**

- Námskeið 304: **Kennsluefnis- og leikjagerð fyrir vefinn** kl. 15-18 í Menntasetrinu við Lækinn (2. tími).

Næsta blað **Skólavefritsins** er væntanlegt föstudaginn **26. október 2007**